

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni : Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.
132. löggjafarþing, þskj. 12 - 12. mál.

Ágæta Efnahags- og viðskiptanefnd

Leitað var til Norðuráls ehf. varðandi umsögn um frumvarp til laga um virðisaukaskatt.

Virðisaukaskattur á notkun samgöngumannvirkja hefur að öðru jöfnu letjandi áhrif á samgöngur og dregur úr samkeppnisfærni fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðsins vegna hærri kostnaðar og minni sveigjanleika í öflun vinnuafis. Þá rýrir slík skattheimta lífsgæði íbúa utan höfuðborgarsvæðisins því hún dregur úr möguleikum þeirra til að nýta opinbera þjónustu sem og þjónustu einkafyrirtækja sem að mestu er á höfuðborgarsvæðinu. Sértek skattheimta á samgöngur dregur verulega úr tækifærum fólks í dreifbýli til að sækja atvinnu annað án þess að gera breytingar á búsetu og ýtir því undir flutninga fólks úr dreifbýli í þéttbýli. Einnig dregur hlutfallslega mikil skattheimta úr getu fólks og fyrirtækja til viðhalds og endurnýjunar samgöngutækja og þar með dregur úr umferðaröryggi þar sem nýrri farartæki eru að jafnaði mun betur búin öryggistækjum og mengunarvarnarbúnaði en þau sem eldri eru.

Ákveðið hefur verið að sameina nokkrar hafnir á Faxaflóasvæðinu og er horft til uppbyggingar Grundartangahafnar sem framtíðar stórskipahafnar fyrir höfuðborgarsvæðið. Að okkar mati verður svæðið seint eitt atvinnusvæði fyrir en veggjald hefur verið lagt af með öllu og væri afnám virðisaukaskatts tvímælaust jákvætt skref í þessari þróun.

Lækkun skattheimtu á samgöngur, hvort sem um er að ræða virðisaukaskatt, veggjöld eða aðra skatta á samgöngur, sem og eðlileg uppbygging samgöngumannvirkja sem styttr leiðir og eykur öryggi, eru til þess fallin að efla samkeppnisfærni fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðsins og á sama tíma ákveðin leið til aðstöðu- og jafnvel tekjujöfnunar fyrir þá einstaklinga sem þar búa. Sértek skattheimta á íbúa tiltekinna landshluta dregur úr möguleikum fyrirtækja og einstaklinga á viðkomandi svæði til vaxtar og velfarnaðar.

Samræming á virðisaukaskattur á blöð og tímarit er eðlileg ráðstöfun. Sala efnis í rafrænu formi ætti að öðru jöfnu að vera jákvæð fyrir umhverfið þar sem ekki er notaður pappír og ekki þarf að flytja vöruna með flutningatækjum sem brenna eldsneyti.

Við erum því fylgjandi þessari ágætu tillögu og bendum jafnframt á að skoða mætti álögur á samgöngur í víðara samhengi.

Virðingarfyllst
f.h. Norðuráls ehf
Ragnar Guðmundsson